



## **282. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 9. júlí 2019, kl. 15:00 í Ráðhúsi Árborgar, Austurvegi 2, Selfossi.**

Mætt voru: Arna Ír Gunnarsdóttir (AÍG), Jón G. Valgeirsson, formaður, (JGV), Anton Kári Halldórsson (AKH), Ingibjörg Kjartansdóttir (IK) og Gísli Halldór Halldórsson (GHH). Þá mættu á fundinn Jón Franzson frá Íslenska Gámafélaginu og Stefán Gíslason, framkvæmdastjóri Environice.

### **1. Útflutningur á úrgangi**

Á fundinn mætti Jón Franzson frá Íslenska Gámafélaginu og kynnti stöðu í útflutningi á brennanlegu sorpi. Stefnt er að því að útflutningur verði kominn í um 1.000 tonn í septembermánuði. ÍGF hefur hafið móttöku á sorpi til útflutnings frá Sveitarfélaginu Ölfus.

Stjórn SOS samþykkir að undirbúa verðkönnun fyrir móttöku blandaðs úrgangs frá aðildarsveitarfélögum SOS. Stefáni Gíslasyni og GHH falið að undirbúa málið.

### **2. Samráðsnefnd sorpsamlaganna á Suðurlandi**

Formaður fór yfir störf samráðsnefndar og fund samráðsnefndarinnar með umhverfisráðherra. Stjórn SOS telur nauðsynlegt að upplýsa Samband íslenskra sveitarfélaga betur um stöðu mála og óskar eftir að fulltrúi Sambandsins komi á næsta fund stjórnar.

### **3. Orkugerðin**

Aðalfundargerð Orkugerðarinnar lögð fram til kynningar.

### **4. Verkefni vegna stöðu úrgangsmála á Suðurlandi**

Stefán Gíslason fór yfir stöðu mála vegna vinnslu úrgangs og förgunar.

- Kynnt drög að bréfi til sumarhúsaeygenda
- Brennsla dýrahæja  
Líklegt er að brennsla yfir 500 tonnum þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum. Sorpstöð Rangárvallasýslu er með málið í vinnslu.
- Urðunarstaðir  
Stjórn samþykkir að fá fyrir næsta fund samantekt á þeim þremur stöðum sem taldir eru koma til greina. Stefán Gíslason verður í sambandi við Bárð hjá Eflu vegna þeirrar samantektar.
- Áætlun um aðgerðir vegna endurskoðunar Svæðisáætlunar  
Stefán er með aðgerðaáætlun í vinnslu.

- Stefáni Gíslasyni falið að vinna tölur um magn úrgangs fyrir árið 2018.

Stjórn samþykkir að næsti stjórnarfundur verði haldinn 13. ágúst næstkomandi á Selfossi.

Fundi slitið klukkan 17:00